

Alþingi
Erindi nr. P 133/87
komudagur 9.11.2006



Alþingi Íslendinga
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
SEP/ceg/06/2523

DAGSETNING
08.11.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameignarfélög, 79. mál.

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. október sl., var óskað eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um sameignarfélög. Af þessu tilefni er send svofelld

u m s ö g n

Framlagning frumvarps til laga um sameignarfélög er tímabær en engin heilstæð löggjöf hefur verið um sameignarfélög og raunar ekki heldur um samlagsfélög hér á landi ef frá eru talin ákvæði í lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Fyrirliggjandi frumvarp fjallar eingöngu um sameignarfélög en ástæða er til að taka samlagsfélög einnig með inn í þetta frumvarp þar sem eðlismunur þessara félagforma er í reynd aðeins sá að einn eða fleiri félagsaðilar geta borið takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins meðan a.m.k. einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð.

Stofnun sameignarfélaganna hefur á síðustu árum farið fækkandi. Einkahlutafélögin hafa tekið við og er að verða ríkjandi form á atvinnurekstri enda getur einn maður stofnað einkahlutafélag en tvo hið minnsta þarf til að stofna sameignarfélag eða samlagsfélag. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tiltölulega fá félög eru skráð á ári hverju sem sameignarfélög eða að meðaltali um 79 á síðustu 11 árum. Aftur á móti hafa á síðustu árum verið skráð 265 samlagsfélög.

Frá sjónarhóli skattframkvæmdar er mikilvægt að ljóst liggi fyrir frá upphafi, hver sé eignarhlutur eigenda og hvert sé stofnframlag til grundvallar starfsemi félagsins, sbr. 23. og 25. gr. frumvarpsins, þ.e. í hvaða hlutföllum eigendur hafa lagt eignir til félagsins og tilheyra þannig starfseminni formlega. Þegar svo háttar til að einungis einn




einstaklingur eða félag stendur eftir, ef upp úr samstarfi, slitnar sýnist vanta skýr ákvæði um að við þær aðstæður til að félag verði fellt af skrá. Óeðlilegt verður að teljast að einstakur maður eða lögaðili með t.d. upphaflega óverulegan eignarhlut að baki njóti eftir atvikum skattalegs hagræðis í skjóli félags sem misst hefur rétt hæfi sitt.

Í frumvarpinu er gerður munur á skráðum og óskráðum sameignarfélögum en skýrar mætti koma fram í hverju þessi munur er fölginn.

Frumvarpið er í heild sinni umtalsverð réttarbót og er mælt með samþykkt þess.

Virðingarfyllt



Skúli Eggert Þórðarson